

## Tillaga til 465. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 26. nóvember 2020

Tillaga frá 1129. fundi bæjarráðs, sem fram fór 9. nóvember 2020, um að bæjarstjórn samþykki viðauka 18 við fjárhagsáætlun 2020 vegna greiðslu kostnaðar vegna Gunnukaffis ehf.

### 10. Beiðni um greiðslu kostnaðar í kjölfar snjóflóða á Flateyri - 2020100110

Lagt fram bréf Ingibjargar Guðmundsdóttur og Helenu Jónsdóttur, f.h. Gunnukaffis ehf., dags. 30. október 2020, þar sem óskað er að sveitarfélagið greiði ýmsan kostnað sem til féll í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri í janúar 2020. Á 1128. fundi bæjarráðs, þann 2. nóvember 2020, var málinu vísað til samþykktar í bæjarstjórn.

Á 464. fundi bæjarstjórnar þann 5. nóvember 2020, var málinu vísað aftur til bæjarráðs, og bæjarstjóra falið að gera viðauka.

Er nú lagður fram viðauki 18 við fjárhagsáætlun 2020, vegna styrks til Gunnukaffis ehf. vegna þáttar félagsins við að sjá um veitingar og sinna þætti fjöldahjáraðstöðu á Flateyri í kjölfar snjóflóðanna í janúar 2020.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 0,-

Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0, eða óbreytt rekstrartap kr. -372.442.288,-.

Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 0,- eða óbreytt rekstrartaps kr. -379.384.175,-

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka 18 við fjárhagsáætlun 2020 vegna greiðslu kostnaðar vegna Gunnukaffis ehf.*